



# FLÓRGODINN

## Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Könnun um líðan
- Jákvæðni—ljóð
- Tannverndarvika
- Mentor.is
- SMT viðmið

## Um líðan nemenda

### Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn

Tvívegis á hverju skólaári framkvæmum við könnun á líðan nemenda í Áslandsskóla. Könnun þessi gefur okkur mjög góða mynd af því sem fram fer í skólanum okkar, því góð líðan nemenda er ein lykilforsenda öflugs skólstarfs.

Nemendaverndarráð hefur verið að vinna úr könnuninni ásamt umsjónarkennurum en brugðist er skjótt við þar sem viðvörunarbjöllur hringja. Þá er einnig gaman að bera saman við fyrri kannanir, t.d. frá síðasta skólaári.

Marga áhugaverða punkta má sjá úr niðurstöðunum. Til dæmis er gaman að sjá hversu stór hluti nemenda finnst alltaf eða oftast gaman í skólanum, 7 af hverjum 10 nemendum. Hins vegar er einnig áhugavert að sjá að nemendur segja stríðni mun algengari í búningasklefum í íþróttum en í sundi.

Niðurstöður þessar verða sendar fræðslufirvöldum til upplýsinga en einnig til "útihúsa" Áslandsskóla, s.s. Íþróttamiðstöðvarinnar á Ásvöllum og Suðurbæjarlaugar.

Nú þegar nemendur hafa komið til viðtals við umsjónarkennara ásamt forráðamönnum öðru sinni á skólaárinu er rétt að bretta upp ermar og lagfæra það sem miður hefur farið. Eflaust þurfa einhverjir nemendur að taka sig á hvað varðar námslega þáttinn, einhverjir kannski hvað varðar ástundun. En niðurstaða könnunar um líðan, þó svo að útkoman sé að mestu leyti ánægjuleg, segir okkur líka að öllum nemendum Áslandsskóla líður ekki alltaf vel í skólanum. Það megum við aldrei sætta okkur við og getum því gert betur.

Það gerum við best með því að koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Einnig að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í skóla-samfélaginu.

*Með skólakveðju*  
**Leifur S. Garðarsson**  
Skólastjóri Áslandsskóla



### MUNA

#### 1. mars

Skipulagsdagur / Öskudagur

#### 13.-17. mars

Menningarvika

#### 16. mars

Sýningardagur á menningarviku

#### 8. apríl

Páskaleyfi hefst

#### 24. apríl

Kennsla hefst eftir páskaleyfi

**Í ÁSLANDSSKÓLA FÖRUM VIÐ Í RÖÐ ÞEGAR BJALLAN HRINGIR**

# KÖNNUN UM LÍÐAN NEMENDA

## 1.-3. BEKKUR / Vel — Allt í lagi - Illa

### Frímínútur

73% nemenda í 1.-3. bekk líður vel í frímínútum.  
26% nemenda í 1.-3. bekk líður allt í lagi í frímínútum

### Kennslustundir

78% nemenda í 1.-3. bekk líður vel í kennslustundum  
21% nemenda í 1.-3. bekk líður allt í lagi

### Búningsklefar

71% nemenda í 1.-3. bekk líður vel í búningsklefum  
25% nemenda líður þar allt í lagi  
4% nemenda í 1.-3. bekk líður illa í búningsklefum

### Leiðin heim úr skóla

83% nemenda í 1.-3. bekk líður vel á heimleið  
14% nemenda líður þar allt í lagi

## 4.- 7. BEKKUR / Alltaf—Oft—Stundum—Aldrei

### Mér finnst gaman í skólanum

20% nemenda í 4.-7. bekk finnst alltaf gaman  
43% nemenda finnst oft gaman í skólanum  
33% nemenda í 4.-7. bekk finnst stundum gaman

### Ég kvíði fyrir að fara í skólann

6% nemenda kvíður oft fyrir að fara í skólann  
26% nemenda kvíður stundum fyrir að fara í skólann  
66% nemenda kvíður aldrei fyrir að fara í skólann

### Mér er strítt í skólanum

6% nemenda er oft strítt í skólanum  
34% nemenda er stundum strítt í skólanum  
54% nemenda er aldrei strítt í skólanum

### Mér finnst rétt að láta vita ef einhverjum er strítt

63% segja alltaf  
18% segja oft  
13% segja stundum

## 4.- 7. BEKKUR / Alltaf—Oft—Stundum—Aldrei

### Hvar er krökkum mest strítt (hæstu gildi)

#### Í skólastofunni

Stundum 46% Aldrei 33%

#### Í frímínútum

Oft 36% Stundum 19%

#### Á göngum og klósettum

Stundum 38% Aldrei 40%

#### Í skólabílnum

Stundum 40% Aldrei 43%

#### Á leið í eða úr skólanum

Stundum 27% Aldrei 54%

#### Í búningsklefanum í sundi


Oft 6% Stundum 28% Aldrei 57%

#### Í búningsklefanum í íþróttum

Oft 14% Stundum 28% Aldrei 43%

#### Mér líður vel í bekknum mínum

Alltaf 40% Oft 37% Stundum 23%



# KÖNNUN UM LIÐAN NEMENDA

## 8.- 10. BEKKUR / Alltaf—Oft—Stundum—Aldrei

### Mér finnst gaman í skólanum

9% nemenda í 8.-10. bekk finnst alltaf gaman  
45% nemenda finnst oft gaman í skólanum  
44% nemenda í 8.-10. bekk finnst stundum gaman

### Ég kvíði fyrir að fara í skólann

1% nemenda kvíður oft fyrir að fara í skólann  
13% nemenda kvíður stundum fyrir að fara í skólann  
84% nemenda kvíður aldrei fyrir að fara í skólann

### Mér er strítt í skólanum

1% nemenda er oft strítt í skólanum  
19% nemenda er stundum strítt í skólanum  
78% nemenda er aldrei strítt í skólanum

### Mér finnst rétt að láta vita ef einhverjum er strítt

43% segja alltaf  
27% segja oft  
21% segja stundum

## Hvar er krökkum mest strítt (hæstu gildi)

### Í skólastofunni

Stundum 43% Aldrei 42%

### Í frímínútum

Oft 38% Stundum 36%

### Á göngum og klósettum

Stundum 37% Aldrei 36%

### Í skólabílnum

Stundum 26% Aldrei 58%

### Á leið í eða úr skólanum

Stundum 26% Aldrei 62%

### Í búningsklefanum í sundi

Oft 7% Stundum 27% Aldrei 57%

### Í búningsklefanum í íþróttum

Oft 13% Stundum 35% Aldrei 43%

### Mér liður vel í bekknum mínum

Alltaf 60% Oft 34% Stundum 5%



Ýmislegt gert til að láta sér liða vel í skólanum !!

## JÁKVÆÐNI

- eftir nemendur í 3.-HUG / Hulduheima -

Jörðin okkar þarf umhyggju

Áslandsskóli er frábær

Krakkarnir sýna iðjusemi

Verkefni er gaman að leysa

Æðislegt er að vera í skóla

Við erum líka frábær

Notaleg er stofan okkar

Innileg óskir um heimsfrið

## Tannverndarvika

Nú stendur yfir hin árlega tannverndarvika, eða frá 30.janúar til 5. febrúar.

Heilbrigðar tennur eru mikilvæg lífsgæði og skiptir því miklu máli að temja sér hollar neysluvenjur og góða tannhirðu.

Nú er sérstök áhersla lögð á mikilvægi góðrar tannhirðu. Tannbursti og tannþráður eru hér lykilatriði! Notið mjúkan tannbursta með þéttum hárum. Veljið tannkrem sem inniheldur flúor. Flúorinn styrkir glerunginn og dregur úr tannskemmdum. Gefið ykkur góðan tíma í að bursta tennurnar og gerið það skipulega. Skolið ekki tannkremið af tönnunum eftir tannburstun því flúorinn heldur áfram að virka. Tannþráð verður að nota á þá fleti sem tannburstinn nær ekki til.

Athugið að foreldrar þurfa að aðstoða börn sín til 10 ára aldurs! Burstum tvisvar á dag í tvær mínútur og eigum skínandi bjart bros alla ævi ☺

Kveðja

**Gíjja Grétarsdóttir**

skólahjúkrunarfræðingur

## MENTOR.IS

Frá og með 1. febrúar verður Stundvísí kerfið aflagt í Áslandsskóla og Mentor.is tekið í notkun.

Forráðamenn áttu að leiðrétta eða yfirfara netföng sín hjá umsjónarkennara á viðtalsdegi og þeir sem kláruðu það fá á næstu dögum heimsend aðgangsorð.

Aðgangsorðin nota menn síðan á síðunni [www.mentor.is](http://www.mentor.is) og skrá sig þar inn á ákveðið heimasvæði.

Forráðamenn eru hvattir til að nýta sér þessa nýju og bættu þjónustu skólans með virkum hætti. Ábendingar um betrum bætur má senda á [hjalp@mentor.is](mailto:hjalp@mentor.is)


## SMT viðmið

SMT teymi skólans fundar með reglulegum hætti, liðlega annan hvern þriðjudag.

Þar er farið yfir breytingar og lagfæringar á kerfinu okkar og hvernig allt verður skilvirkara í framkvæmd. Áslandsskóli er aðeins á sínu fyrsta ári í SMT eftir undirbúningsár í fyrra vetur.

Á næsta skólaári þróum við starfið enn frekar að þáttum er lúta að bekkjarstjórnun.

Ákveðið hefur verið að hækka viðmið sem bekkir þurfa að ná til að næla sér í fuglaveislu. Það þýðir líka að tíðni fuglaveitinga frá starfsmönnum hefur verið aukin. Því ættu nemendur oftast að koma heim með fugl sem þeir hafa fengið í skólanum fyrir að sýna jákvæða hegðun.



### Í ÁSLANDSSKÓLA HLUSTUM VIÐ Á AÐRA AF VIRÐINGU



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
[aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri